

**Ed.**

**158. Nefndarálit**

**[41. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar á nokkrum fundum, rætt einstakar greinar þess og málið í heild, borið greinar þess saman við fyrri lagaákvæði, er varða þetta mál, og leitað upplýsinga hjá framkvæmdastjóra framleiðsluráðs landbúnaðarins og fleirum, sem nákunnugir eru aðdraganda þess, að frumvarp þetta er fram borið.

Telur nefndin, að breyta verði 6. gr. frumv. til samræmis við 37. gr. hinna nýju efnahagsmálalaga, sem fellir úr gildi fyrri málsgr. 8. gr. l. nr. 1 30. jan. 1959.

Flytur n. því brtt. við 6. gr. á sérstöku þingskjali. Leggur hún að öðru leyti til, að frumv. verði samþykkt. En einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja fleiri brtt. og skrifa undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 8. marz 1960.

Bjartmar Guðmundsson,    Sig. Ó. Ólafsson,    Páll Þorsteinsson.  
form., frsm.                      fundaskr.

Ásgeir Bjarnason.    Jón Þorsteinsson,  
með fyrirvara.